

FERÐARJÓNUSTA Á ÍSLANDI Í TÖLUM

MARS 2011



FERÐAMÁLASTOFA


Ferðapjónusta á Íslandi í tölum

– EFNISYFIRLIT –

	Bls.
Ferðapjónusta á Íslandi	3
Ferðaneysla eftir vöruflokkum	4
Erlendir ferðamenn til Íslands	5
Ferðamenn um Keflavíkurflugvöll og Seyðisfjörð	6
Ferðamenn um Keflavíkurflugvöll eftir tímabilum/mánuðum 2010	7
Ferðamenn um Keflavíkurflugvöll eftir tímabilum 2008-2010	8
Ferðamenn um Keflavíkurflugvöll eftir mánuðum 2008-2010	9-10
Gistinætur á hótelum 2010	11
Erlendir ferðamenn á Íslandi 2009-2010	12-13
Erlendir ferðamenn sumarið 2010	14-15
Ferðalög Íslendinga 2010	16-18
Ferðalög Íslendinga 2011	19

FERÐAÞJÓNUSTA Á ÍSLANDI


Hluttur ferðaþjónustu í landsframleiðslu og hlutdeild í heildarútflytningstekjum



Hluttur ferðaþjónustu í landsframleiðslu var 4,9% að meðaltali á árunum 2000-2008. Mestur var hann árið 2002 eða 5,7% og minnstur árið 2006 eða 4,3%.

Á árunum 2000-2009 var hlutdeild ferðaþjónustu innanlands í heildarútflytningstekjum að meðaltali 18,8%. Mest var hlutdeildin árið 2005, 22,4% og minnst árið 2010 eða 14,2%.


Fjöldi starfa í ferðaþjónustu



Fjöldi starfa í ferðaþjónustu var 8.500 árið 2009 sem er svipaður fjöldi og árið 2007. Fjöldi í einkennandi ferðaþjónustugreinum; gisti- og veitingaþjónustu, farþegaflutningum og ferðaskrifstofustörfum var 5.350 árið 2009. Um 3.200 störf voru í tengdum greinum s.s. smásölu, afþreyingu, menningu, tómstundum, verslun og þjónustu tengdri farþegaflutningum.

Störf í ferðaþjónustu voru 5,1% af heildarfjölda starfa á landinu árið 2009.

Kaup á ferðaþjónustu innanlands 2008



Heildarferðaneysla innanlands á árinu 2008 var rúmlega 171 milljarður kr. Útgjöld *erlendra* ferðamanna voru 93,5 milljarðar kr. eða 54,8% af ferðaneyslu innanlands. Útgjöld Íslendinga voru um 77 milljarðar kr. eða rúmlega 45% af ferðaneyslu þar af mældust útgjöld fyrirtækja og hins opinbera 9,5 milljarðar kr. eða 6% af heildarferðaneyslu.

Ef fargjaldatekjum íslensku flugfélaganna vegna starfsemi þeirra utan Íslands er bætt við hækka gjaldeyris-tekjurnar í rúmlega 132 milljarða kr.


FERÐANEYSLA EFTIR VÖRUFLOKKUM

Heildarferðaneysla innanlands 2008 eftir vöruflokkum - Milljarðar kr.



51 milljarður kr. af heildarferðaneyslu innanlands árið 2008 er tilkominn vegna farþegaflutninga með flugi, 34,4 milljarðar vegna gisti- eða veitingapjónustu, 20,3 vegna leigu flutningatækja, bílaleiga og smásölu bensíns, viðgerða og viðhalds bifreiða. 14,4 milljarðar eru tilkomnir vegna annarra samgangna. Þjónusta ferðaskrifstofa nam 9,9 milljörðum af heildarferðaneyslu, menning og afþreying 8,4 milljörðum, ýmis verslun tengd ferðapjónustu 27,2 milljörðum kr. og önnur þjónusta við ferðamenn 5 milljörðum kr.


Neysla erlendra ferðamanna og Íslendinga eftir vöruflokkum 2008 - Milljarðar kr.



Útgjöld vegna farþegaflutninga með flugi vega þýngst í neyslu erlendra ferðamanna og Íslendinga eða 29,7 milljörðum hjá erlendum ferðamönnum og 21,3 milljörðum hjá Íslendingum. Annað tengt farþegaflutningum vegur ennfremur þungt og telur um 19,6 milljarða af útgjöldum erlendra ferðamanna og 15 milljarða af útgjöldum Íslendinga. Útgjöld vegna gisti- og veitingapjónustu er svipuð hjá erlendum gestum og Íslendingum eða um og yfir 17 milljarðar. Útgjöld vegna ýmissar verslunar sem tengist ferðapjónustu nema 14,4 milljörðum hjá erlendum ferðamönnum og 12,8 hjá Íslendingum. Önnur útgjöld, s.s. vegna menningar og afþreyingar, þjónustu ferðaskrifstofa og annarrar þjónustu nema 12,1 milljarði hjá erlendum ferðamönnum og 11,2 milljörðum hjá Íslendingum.

ERLENDIR FERÐAMENN TIL ÍSLANDS

Erlendir ferðamenn til Íslands 2000-2010




Árleg aukning erlendra ferðamanna til Íslands hefur verið 5,3% milli ára að jafnaði síðastliðin tíu ár.

Árið 2010 komu tæplega 495 þúsund gestir til landsins eða 200 þúsund fleiri en á árinu 2000.

Heimild: Ferðamálastofa, Austfar, Isavia.

Erlendir gestir með skemmtiferðaskipum til Reykjavíkur



Um 95% skemmtiferðaskipa til landsins hafa viðkomu í Reykjavík. Árið 2010 komu um 70 þúsund farþegar til Reykjavíkur með 74 skipum, 2% fleiri en árinu áður.

Heimild: Faxaflóahafnir.

5

ERLENDIR FERÐAMENN EFTIR KOMUSTÖÐUM

	2009	2010	Breyting milli ára	
			Fjöldi	(%)
Keflavík	464.536	459.252	-5.284	-1,1
Seyðisfjörður	13.866	15.336	1.470	10,6
Aðrir flugvellir	15.539	20.181	4.642	29,9
Samtals	493.941	494.769	828	0,2

Langflestir erlendir ferðamenn koma til landsins með flugi um Keflavíkurflugvöll.

Heimild: Ferðamálastofa, Austfar, Isavia.

FERÐAMENN UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL OG SEYÐISFJÖRÐ

BROTTFARIR UM LEIFSSTÖÐ 2008-2010

eftir þjóðernum

	Fjöldi gesta			Aukning fækkun milli ára (%)		
	2008	2009	2010	07/08	08/09	09/10
Bandaríkin	40.495	43.909	51.166	-22,0	8,4	16,5
Bretland	69.982	61.619	60.326	-4,6	-12,0	-2,1
Danmörk	41.026	40.270	38.139	-0,9	-1,8	-5,3
Finnland	10.797	11.566	11.012	9,3	7,1	-4,8
Frakkland	26.161	28.818	29.255	15,4	10,2	1,5
Holland	18.756	19.262	17.281	30,2	2,7	-10,3
Ítalía	10.116	12.645	9.692	-3,4	25,0	-23,4
Japan	6.732	7.048	5.580	10,4	4,7	-20,8
Kanada	10.568	11.063	13.447	67,9	4,7	21,5
Noregur	35.122	36.485	35.662	1,0	3,9	-2,3
Spánn	10.438	13.771	12.237	10,4	31,9	-11,1
Sviss	7.136	8.646	9.163	3,3	21,2	6,0
Svíþjóð	32.259	31.421	27.944	-3,3	-2,6	-11,1
Þýskaland	45.120	51.879	54.377	11,3	15,0	4,8
Annað	107.964	86.134	83.971	10,8	-20,2	-2,5
Samtals	472.672	464.536	459.252	3,0	-1,7	-1,1

eftir markaðssvæðum

	Fjöldi gesta			Aukning fækkun milli ára (%)		
	2008	2009	2010	07/08	08/09	09/10
Norðurlönd	119.204	119.742	112.757	-0,2	0,5	-5,8
Bretland	69.982	61.619	60.326	-4,7	-12,0	-2,1
Mið-/S-Evrópa	117.727	135.021	132.005	12,7	14,7	-2,2
N-Ameríka	51.063	54.972	64.613	-12,3	7,7	17,5
Annað	114.696	93.182	89.551	10,7	-18,8	-3,9
Samtals	472.672	464.536	459.252	3,0	-1,7	-1,1


FERÐAMENN MEÐ NORRÆNU

eftir markaðssvæðum

	Fjöldi gesta			Aukning fækkun milli ára (%)		
	2008	2009	2010	07/08	08/09	09/10
Norðurlönd	4.681	3.938	4.867	-16,8	-15,9	23,6
Bretland	511	161	182	9,9	-68,5	13,0
Mið-/S-Evrópa	7.515	8.362	8.686	0,4	11,3	3,9
N-Ameríka	38	26	39	-19,1	-31,6	50,0
Annað	1.656	1.379	1.726	-4,7	-16,7	25,2
Samtals	14.401	13.866	15.500	-6,2	-3,7	11,8

FERÐAMENN UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL EFTIR TÍMABILUM/MÁNUÐUM 2010

Brottfarir um Leifstöð eftir markaðssvæðum 2010




BROTTFARIR UM LEIFSTÖÐ - HLUTFALLSLEG (%) DREIFING EFTIR TÍMABILUM/MÁNUÐUM

	Jan- maí	Jún- ágú	Sep- des	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
Bandaríkin	25,2	46,4	28,4	4,1	4,3	5,9	4,1	6,8	14,2	15,9	16,3	11,0	7,5	5,5	4,4
Bretland	42,0	27,6	30,2	7,1	10,1	10,8	8,8	5,2	6,7	10,3	10,6	6,2	10,8	7,0	6,2
Danmörk	25,5	47,5	26,9	3,2	3,7	6,0	5,2	7,4	11,2	21,1	15,2	9,4	8,9	4,5	4,1
Finnland	25,7	45,3	28,9	2,5	2,4	4,8	8,4	7,6	13,2	16,1	16,0	9,1	9,6	5,6	4,6
Frakkland	20,1	64,5	15,5	2,7	3,0	5,5	3,9	5,0	11,5	21,9	31,1	5,9	3,9	2,9	2,8
Holland	29,0	46,2	24,9	3,9	4,9	6,9	4,8	8,5	10,7	16,6	18,9	8,3	7,9	5,2	3,5
Ítalía	12,4	74,1	13,5	2,6	2,1	2,4	2,2	3,1	9,5	21,8	42,8	5,6	2,7	2,7	2,5
Japan	47,6	22,1	30,3	13,7	13,5	12,5	4,6	3,3	6,0	6,1	10,0	7,5	6,5	7,0	9,3
Kanada	13,8	55,1	31,1	1,8	1,8	1,9	1,7	6,6	15,7	18,6	20,8	14,7	11,2	2,5	2,7
Kína	19,8	47,3	33,0	4,4	3,5	3,1	3,6	5,2	15,4	15,2	16,7	12,0	9,4	5,7	5,9
Noregur	30,3	38,9	30,7	4,2	4,5	7,0	5,8	8,8	12,0	13,4	13,5	11,4	10,0	6,1	3,2
Pólland	22,4	50,5	27,0	3,8	3,0	5,0	4,8	5,8	17,5	18,9	14,1	5,6	6,0	3,9	11,5
Spánn	12,2	73,9	13,9	1,6	1,4	2,3	4,2	2,7	6,2	24,7	43,0	7,1	3,1	1,6	2,1
Sviss	11,4	76,5	12,1	2,5	2,0	1,7	1,9	3,3	11,1	34,5	30,9	6,4	3,3	1,4	1,0
Svíþjóð	30,6	40,4	29,2	5,5	4,5	5,8	6,3	8,5	11,1	14,4	14,9	9,8	8,4	6,7	4,3
Þýskaland	15,7	66,5	17,9	2,5	2,3	2,8	2,9	5,2	15,5	24,5	26,5	9,6	4,2	2,2	1,9
Annað	22,9	53,1	24,1	4,0	3,5	4,8	4,9	5,7	12,4	20,6	20,1	9,1	6,7	4,2	4,1
Samtals	25,4	49,5	25,0	4,1	4,4	5,7	5,0	6,2	11,8	18,2	19,5	8,9	7,4	4,6	4,1

	Jan- maí	Jún- ágú	Sep- des	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
Norðurlönd	28,2	42,8	28,9	4,0	4,0	6,1	6,0	8,1	11,6	16,5	14,7	10,1	9,2	5,7	3,9
Bretland	42	27,6	30,2	7,1	10,1	10,8	8,8	5,2	6,7	10,3	10,6	6,2	10,8	7,0	6,2
Mið-/S-Evrópa	17,6	65,4	17,1	2,7	2,7	3,8	3,3	5,1	12,4	23,4	29,6	7,8	4,3	2,7	2,3
N-Ameríka	22,8	48,2	29,0	3,6	3,8	5,1	3,6	6,7	14,5	16,4	17,3	11,8	8,3	4,9	4,0
Annað	24,2	50,4	25,4	4,6	4,1	5,2	4,8	5,5	12,9	19,1	18,4	8,6	6,8	4,4	5,6
Samtals	25,4	49,5	25,0	4,1	4,4	5,7	5,0	6,2	11,8	18,2	19,5	8,9	7,4	4,6	4,1


FERÐAMENN UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL EFTIR TÍMABILUM 2008-2010

Brottfarir um Leifstöð; janúar-maí




Bretar hafa verið fjölmennastir í hópi þeirra ferðamanna sem heimsóttu landið á tímabilinu janúar til maí. Bandaríkjamönnum hefur farið fjölgandi á tímabilinu og voru næstfjölmennastir árið 2010. Gosið í Eyjafjallajökli hafði veruleg áhrif á fjölda ferðamanna árið 2010 og komu mun færri Norðmenn, Danir Þjóðverjar og Svíar en árin á undan.

Brottfarir um Leifstöð; júní-ágúst



Þjóðverjar eru langfjölmennastir þeirra sem koma til landsins yfir sumarmánuðina og hafa aldrei komið jafnmargir Þjóðverjar til landsins að sumri til og árið 2010. Bandaríkjamenn koma þar á eftir en fast á eftir fylgja Frakkar, Danir og Bretar.


Brottfarir um Leifstöð; sept.-desember



Bretar eru fjölmennastir þeirra sem koma til landsins síðla árs eða á tímabilinu september til desember. Bandaríkjamönnum hefur hins vegar fjölgað verulega frá 2008 og voru næstfjölmennasta þjóðernið árið 2010.

FERÐAMENN UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL EFTIR MÁNUÐUM 2008-2010


Brottfarir erlendra ferðamanna um Leifstöð



460 þúsund erlendir ferðamenn komu til Íslands um Leifstöð árið 2010 eða 2,8% færri en árið 2007.


Tæplega helmingur ferðamanna hefur komið yfir sumarmánuðina þrjá (júní-ágúst) síðastliðin þrjú ár, tæplega þriðjungur að vori (apríl-mai) eða hausti (sept-okt) og um og yfir fimmtingur að vetri (jan-mar/nóv-des).

Brottfarir Norðurlandabúa um Leifstöð



113 þús. Norðurlandabúar komu til á Íslands árið 2010 eða um sjö þúsund færri en komu árið 2008 og 2009. Tveir Norðurlandabúar af hverjum fimm hafa komið yfir sumarmánuðina síðastliðin þrjú ár, um og yfir þriðjungur að vori eða hausti og tæplega fjórðungur að vetri til.

Brottfarir Breta um Leifstöð




Á árinu 2010 komu 60 þúsund Bretar til Íslands eða tæplega 10 þúsund færri en á árinu 2008.

Tæplega þriðjungur Breta kemur að sumri, um þriðjungur að vori eða hausti og þriðjungur yfir vetrarmánuðina.

FERÐAMENN UM KEFLAVÍKURFLUGVÖLL EFTIR MÁNUÐUM 2008-2010


Brottfarir Þjóðverja um Leifstöð



Árið 2010 komu um 54 þúsund Þjóðverjar til Íslands, 20,5% fleiri en árið 2008 þegar þeir voru 45 þúsund talsins.


Um tveir þriðju Þjóðverja hafa komið yfir sumarmánuðina síðastliðin þrjú ár. Tæplega fjórðungur hefur komið að vori eða hausti og ríflega einn af hverjum tíu yfir vetrarmánuðina.

Brottfarir Frakka, Ítala, Spánverja um Leifstöð



Um 51 þúsund Frakkar, Ítalir og Spánverjar heimsóttu landið árið 2010 en á árinu 2009 voru þeir um 55 þúsund og árinu 2008 tæplega 47 þúsund. Langflestir Frakkar, Ítalir og Spánverjar hafa komið yfir sumarmánuðina eða nærri 70% síðastliðin þrjú ár. Tæplega fimmtungur hefur komið á vorin eða haustin og um einn af hverjum tíu yfir vetrarmánuðina.

Brottfarir N-Ameríkana um Leifstöð




Árið 2010 komu tæplega 65 þúsund N-Ameríkanar til Íslands, fjórðungi fleiri en á árinu 2008.

Síðastliðin þrjú ár hefur helmingur N-Ameríkana komið yfir sumarmánuðina, tæplega þriðjungur að vori eða hausti og um fimmtungur yfir vetrarmánuðina.

GISTINÆTUR Á HÓTELUM 2010

Framboð á hótélum 2010


(hlutfall rúma eftir landshlutum)



Á undanförunum árum hefur verið mikil aukning í framboði á gistirými.

Sumarið 2010 voru í boði 9.488 rúm á 80 hótélum sem er um 54,5% af heildarfjölda rúma á hótélum og gistiheimilum í landinu.


Gistinætur erlendra gesta á hótélum



Erlendir gestir eyddu um einni milljón gistinátta á hótélum á Íslandi árið 2010 og er um að ræða 3,4% færri gistinætur á hótélum en á árinu 2009.

45% gistinátta á hótélum er eytt að sumri, tæplega þriðjungu að vori eða hausti og tæplega fjórðungi yfir vetrarmánuðina.

Gistinætur Íslendinga á hótélum



Íslendingar eyddu um 250 þúsund gistinóttum á hótélum innanlands árið 2010 eða 2,7% færri gistinóttum en árinu áður.

Fjórðungi gistinátta var eytt yfir sumarmánuðina, ríflega þriðjungu að vori eða hausti og ríflega þriðjungu yfir vetrarmánuðina.

ERLENDIR FERÐAMENN Á ÍSLANDI 2009-2010

KYN

Vetur (sept '09-maí '10)

Karlar 52,0%
Konur 48,0%


Sumar (júní-ágúst '10)

Karlar 59,0%
Konur 41,0%


MEÐALALDUR

Vetur 38,7 ár
Sumar 43,0 ár

Aldursskipting (%)




Tilgangur ferðar (%)



Langflestir koma til Íslands í frí. Hlutfallslega fleiri koma vegna viðskipta eða vinnu á Íslandi utan sumartíma.

12


Föruneysi ferðamanna (%)



Langflestir ferðast til Íslands með maka eða vinum að sumri og vetri. Hlutfallslega fáir ferðast með börn.


ERLENDIR FERÐAMENN Á ÍSLANDI 2009-2010

Dvalarlengd - flokkuð (%)



Meðaldvalarlengd erlendra ferðamanna á Íslandi er 5,9 nætur að vetri og 10,4 nætur að sumri. Ríflega tveir af hverjum fimm gista eina til þrjár nætur að vetri og tveir af hverjum fimm fjórar til sjö nætur. Tveir af hverjum fimm sumargestum gista hins vegar átta til fjórtán nætur og tæplega þriðjungur fjórar til sjö nætur.


Tegund ferðar (%)



Flestir erlendir ferðamenn á Íslandi ferðast á eigin vegum, 79% að vetri til og 78% að sumri. Ríflega fimmtungur kemur hins vegar í hópfarð að sumri og vetri.

13

Hvaða farartæki eru notuð á ferðalögum innanlands (%)



Að vetri til nýta flestir sér hópfarðabíla á ferðalögum innanlands en bílaleigubílar og áætlunarbifreiðir eru ennfremur nýttar í nokkrum mæli. Á sumrin eru bílaleigubílar hins vegar algengasta farartækið til ferðalaga meðal erlendra ferðamanna en hópfarðabílar eru auk þess nýttir af mörgum.

ERLENDIR FERÐAMENN SUMARIÐ 2010

KYN

Karlar	59,0%
Konur	41,0%

MEÐALALDUR

43 ár


TEGUND FERÐAR

Á eigin vegum	78,0%
Pakkaferð	22,0%


KOMIÐ ÁÐUR TIL ÍSLANDS

22,0%

Aldursskipting ferðamanna að sumri (%)




Hvaðan kom hugmyndin að Íslandsferð? (%)



Flestir nefna náttúruna og landið þegar spurt er um hvaðan hugmynd að Íslandsferð kom. Margir nefna vini og ættingja eða fyrri heimsókn, en mun færri nefna netið, ferðahandbækur eða bæklinga, greinar í blöðum eða tímaritum og íslenskar bókmenntir eða kvikmyndir. Aðrir þættir eru nefndir í mun minna mæli.


14

Þættir sem höfðu áhrif á ákvörðun um Íslandsferð (%)




Náttúra Íslands hefur áhrif á ákvörðun flestra ferðamanna að koma til landsins. Margir nefna ennfremur íslenska menningu eða sögu. Aðrir þættir koma þar langt á eftir s.s. hagstætt ferðatilboð vinir eða ættingjar á Íslandi, millilending á Íslandi og „spa“ eða heilsulind.

Hvaða afþreying var nýtt? (%)



Náttúrutengd afþreying á Íslandi er vinsæl meðal erlendra ferðamanna. Fjöldmargir ferðamenn sumarið 2010 fóru í náttúruskoðun, gönguferðir eða fjallgöngu, hvalaskoðun, bátsferð og eldfjallaferð. Sund og jarðböð voru enn fremur nýtt af fjölmörgum sem og ýmis konar menningartengd afþreying.


Minnisstæðast við Íslandsferðina (%)



Þeir þættir sem oftast voru nefndir þegar svarendur voru spurðir hvað þeim hefði þótt minnstæðast við Íslandsferðina í sumar tengdust náttúrunni eða einstökum stöðum á Íslandi á einhvern hátt.

15


Uppfyllti Íslandsferðin væntingar



Á heildina litið voru erlendir ferðamenn nokkuð sáttir við Íslandsferðina sem þeir fóru í sumarið 2010 en 65% voru á því að hún hefði uppfyllt væntingar að öllu leyti, 32% að hún hefði uppfyllt væntingar að mestu leyti en 3% að nokkru eða litlu leyti.


FERÐALÖG ÍSLENDINGA 2010

Var ferðast innanlands eða utan árið 2010? (%)



Svipaður fjöldi Íslendinga eða níu af hverjum tíu ferðuðust innanlands árið 2010 og árið 2009. Ríflega fjórðungsaukning var hins vegar í utanferðum milli ára, 56,3% ferðuðust utan árið 2010 en árið á undan ferðuðust 44,3% utan.


Í hvaða mánuði var ferðast innanlands? (%)



Júlí er langvinsælasti mánuðurinn til ferðalaga innanlands, en á árinu 2010 ferðuðust 72,9% landsmanna í júlí. Fast á eftir fylgja ferðalög í júnímánuði (54,6%) og ágúst (63,4%). Á vor- og haustmánuðum, þ.e. í apríl, maí, september og október ferðaðist um og yfir fimmtingur í hverjum mánuði fyrir sig en mun minna var ferðast aðra mánuði ársins.

16


Fjöldi gistinátta innanlands (%)



Meðaldvalarlengd á ferðalögum innanlands var 14,9 nætur árið 2010. Um er að ræða sambærilega dvalarlengd og árið 2009 en þá var hún 14,3 nætur. Einn af hverjum tíu gisti eina til þrjár nætur, tveir af hverjum fimm fjórar til tíu nætur og helmingurinn ellefu nætur eða lengur.


FERÐALÖG ÍSLENDINGA 2010

Gistiaðstaða nýtt á ferðalögum (%)



Helmingur Íslendinga gisti hjá vinum og ættingjum á ferðalögum innanlands og sama hlutfall í tjaldi, fellihýsi eða húsbíl. Tæplega tveir af hverjum fimm gistu í sumarhúsi eða íbúð í einkaeign og álíka margir í orlofshúsi eða íbúð í eigu félagsamtaka. Fimmtungur gisti hins vegar á hóteli, gistiheimili eða sambærilegri gistingu.

Afþreying sem greitt var fyrir á ferðalögum (%)




Sund og jarðböð eru sú afþreying sem flestir landsmenn greiddu fyrir á ferðalögum árið 2010. Margir borguðu sig inn á söfn eða sýningar, fyrir veiði, leikhús eða tónleika, golf eða bátsferð.

Um og innan við 5% nýttu sér einhverja af eftirtalinni afþreyingu; skoðunarferð eða göngu/fjallgöngu með leiðsögumanni, hestaferð, hvalaskoðun, dekur og heilsurækt, flúðasiglingu/kajakferð, vélsleða- eða snjósléðaferð og hjólaferð.

Hvaða landshlutar heimsóttir? (%)


(á ferðalögum sem vörðu eina nótt eða lengur)



Norðurland og Suðurland voru þeir landshlutar sem flestir landsmenn heimsóttu á árinu 2010 eða þrír af hverjum fimm. Tveir af hverjum fimm heimsóttu Vesturland, fjórðungur Austurland, fimmtungur Höfuðborgarsvæðið eða Vestfirði, einn af hverjum tíu hálendið og tæplega einn af hverjum tíu Reykjanesið.


FERÐALÖG ÍSLENDINGA 2010

Heimsóttir staðir/svæði (%) (á ferðalögum sem vörðu eina nótt eða lengur)



FERÐALÖG ÍSLENDINGA 2011

Hvers konar ferðalög eru fyrirhuguð 2011? (%)



Langflestir Íslendingar hafa einhver áform um ferðalög á árinu 2011. Þannig segjast 56,8% ætla fara í sumarbústaðaferð innanlands, 49,4% að heimsækja vini eða ættingja, 33,8% í ferð innanlands með vinahópi eða klúbbfélögum, 31,7% borgarferð erlendis, 25,2% borgar- eða bæjarferð innanlands og 24,5% útivistarferð innanlands, þ.m.t. gönguferðir, snjósleða eða jeppuferðir.

Heimild: MMR/Markaðs- og miðlarannsóknir. Könnun unnin fyrir Ferðamálastofu í janúar 2011.